**139. löggjafarþing 2010–2011.** **2. uppprentun.**
**Þskj. 1629 — 706. mál.** Nýr stafliður.

# Breytingartillögur

við frv. til l. um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „rökstudd ástæða er til að ætla“ í a-lið komi: rökstuddur grunur er um.
   b. Í stað orðanna „muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola“ í b-lið komi: brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „rökstudd ástæða er til að ætla“ í a-lið komi: rökstuddur grunur er um.
   b. Í stað orðanna „muni fremja háttsemi skv. a-lið gagnvart brotaþola“ í b-lið komi: brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.
3. Í stað orðanna „Lögreglustjóri skal hraða“ í 2. mgr. 7. gr. komi: Hraða skal.
4. Í stað orðsins „lögmanni“ í 2. mgr. 9. gr. komi: verjanda.
5. Fyrri málsliður 1. mgr. 10. gr. orðist svo: Beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. skal synjað ef skilyrði II. kafla laga þessara eru ekki talin vera fyrir hendi.
6. Í stað orðsins „persónuupplýsinga“ í síðari málslið 16. gr. komi: upplýsinga um nöfn sakbornings og heimilisfólks.